

 LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNGIR EINLEIKARAR

11. JANÚAR 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir með ungum einleikurum eru hljóðritaðir og verða sendir út á sumardaginn fyrsta á Rás 1.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Händel 4:30'

Mozart 3:30'

Verdi 3:30'

Bellini 8:30'

Strauss 20'

Telemann 15'

Prokofiev 30'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website:

en/sinfonia.is

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listaháskóla Íslands.



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

UNGIR EINLEIKARAR

Daniel Raiskin

hljómsveitarstjóri

Bryndís Guðjónsdóttir

einsöngvari

Guðmundur Andri

Ólafsson

hornleikari

Ásta Kristín Pjetursdóttir

víóluleikari

Romain Pór Denuit

píanóleikari

EFNISSKRÁ

Georg Friedrich Händel

Tornami a vagheggiar úr Alcino (1735)

Wolfgang Amadeus Mozart

Der Hölle Rache, aría Næturdrottningarinnar úr Töfraflautunni (1791)

Giuseppe Verdi

Forspil að La traviata, 1. þætti (1853)

Vincenzo Bellini

Ah! Non credea ... Ah! Non giunge úr La sonnambula (1831)

Richard Strauss

Hornkonsert nr. 2 í Es-dúr (1942)

Allegro

Andante con moto

Rondo. Allegro molto

Hlé

Georg Philipp Telemann

Víólukonsert í G-dúr, TWV 51:G9 (1716–1721)

Largo

Allegro

Andante

Presto

Sergei Prokofiev

Píanókonsert nr. 3 í C-dúr, op. 26 (1921)

Andante – Allegro

Tema con variazioni

Allegro, ma non troppo

EINLEIKARA- OG EINSÖNGVARAKEPPNI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS OG LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara og einsöngvara um að koma fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram laugardaginn 28. og sunnudaginn 29. október 2017 í Salnum í Kópavogi.

Þátttakendur í keppninni í ár voru 23 talsins og stunda þeir allir söng- eða hljóðfæranám á bakkalárstigi. Að þessu sinni báru fjórir sigur úr bítum og koma þeir fram á tónleikunum í kvöld.

Dómnefnd skipuðu

Sigrún Eðvaldsdóttir (fulltrúi SÍ), Árni Heimir Ingólfsson, Magnús Ragnarsson, Matthías Birgir Nardeau og Sigríður Ella Magnúsdóttir.

Ritun í tónleikaskrá

Ritun texta í tónleikaskrá Ungra einleikara var í höndum einleikaranna sem koma fram á tónleikunum í kvöld.

Ljósmyndir í tónleikaskrá

Grímur Bjarnason



DANIEL RAISKIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daniel Raiskin hóf tónlistarnám á heimaslóðum í Sankti Pétursborg sex ára gamall og stundaði síðan framhaldsnám í víóluleik og hljómveitarstjórn við tónlistarháskóla borgarinnar. Á þeim árum sótti hann einnig tíma hjá Mariss Jansons, Neeme Järvi, Milan Horvat, Woldemar Nelson og Jorma Panula. Tvítugur að aldri yfirlaust hann heimalandið og hélt til frekara náms í Amsterdam og Freiburg þar sem hann aflaði sér viðurkenningar sem einn af fremstu víóluleikurum Evrópu, bæði sem einleikari og kammersúsikant. Hann ákvað síðan að snúa sér alfaríð að hljómveitarstjórn og slóst brátt í hóp fremstu stjórnenda af yngri kynslóðinni.

Raiskin var aðalstjórnandi Rínar-fílharmoníunnar í Koblenz frá 2005 til 2016 og gegndi á árunum frá 2008 til 2015 sömu stöðu við Artur Rubinstein fílharmoníuna í Łódź í Póllandi. Hann kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með hljómveitum í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Fílharmoníusveitina í Belgrad, Sinfóníuhljómveitirnar í Düsseldorf og Malmö, Mariinsky-hljómveitina, Mozarteumhljómveitina í Salzburg, Útvarpshljómveitina í Prag og Fílharmoníusveitirnar í Varsjá og Shanghai. Frá og með hausti 2017 er Raiskin aðalgestastjórnandi Fílharmoníuhljómveitarinnar í Belgrad og Sinfóníuhljómveitarinnar í Tenerife.

Raiskin hefur látið að sér kveða í óperuheiminum. Svo nokkur dæmi séu tekin, þá stjórnaði hann fyrir nokkrum árum Minsk-hljómveitinni í eftirminnilegri uppfærslu á *Don Giovanni* á Óperuhátíðinni í St. Margarethen í Austurríki. Óperunni *Carmen* stýrði hann hjá þýska óperufélaginu Opera Zuid og í Þjóðarleikhúsi Koblenz þar sem óperan *Nefið*, eftir Shostakovitsj, hljómaði einnig undir hans stjórn. Hljóðritanir Raiskins fyrir AVI-útgáfufyrirtækið með sellókonertum eftir Korngold, Bloch og Goldschmidt ásamt Julian Steckel hlutu Echo Klassik-verðlaunin 2012 en nýlegar hljóðritanir hans af sínfóníu nr. 3 eftir Mahler og sínfóníu nr. 4 eftir Shostakovitsj hafa einnig hlotið lofsamlega dóma.

Daniel Raiskin kemur nú fram á Íslandi í fjórða sinn, en hann stjórnaði tvennum tónleikum með Sinfóníuhljómveit Íslands á síðasta starfsári og stjórnaði flutningi Ungsveitar SÍ á *Vorblóti* Stravinskíjs í september síðastliðnum.



BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Bryndís Guðjónsdóttir er fædd árið 1993 og er uppalin í Kópavogi. Hún söng frá sex ára aldri í Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, í ellefu ár. Árið 2003 hóf hún píanónám hjá Erlu Stefánsdóttur í Tónlistarskóla Kópavogs og árið 2009 skipti hún yfir í söngnám hjá Önnu Júlíönu Sveinsdóttur þar sem hún söng í sex óperuuppfærslum. Bryndís lauk framhaldsprófi í söng frá Tónlistarskóla Kópavogs árið 2015. Eftir það nam hún eitt ár á bakkalárstigi við Listaháskóla Íslands hjá Þóru Einarsdóttur, Kristni Sigmundssyni og Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Árið 2016 hóf Bryndís nám við tónlistarháskólann Mozarteum í Salzburg í Austurríki hjá Michèle Crider. Bryndís hefur tekið þátt í ýmsum meistaranámskeiðum, þar á meðal Opera Workshop í Garðabæ, North Sea Vocal Academy í Danmörku og Austrian Masterclasses í Austurríki.



GUÐMUNDUR ANDRI ÓLAFSSON

HORNLEIKARI

Guðmundur Andri Ólafsson hóf nám í hornleik 8 ára gamall hjá Stefáni Stephensen. Hann lauk framhaldsprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árið 2014 en þar lærði hann hjá Önnu Sigurbjörnsdóttur og Emil Friðfinnssyni auk þess að sækja tíma hjá Joseph Ognibene. Að loknu framhaldsprófi fór Guðmundur til Þýskalands þar sem hann lærði hjá Esa Tapani við Tónlistarháskólann í Frankfurt. Frá haustinu 2016 hefur hann stundað nám við Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Stefáns Jóns Bernharðssonar og Emils Friðfinnssonar.

Guðmundur hefur leikið í Borgar- og Þjóðleikhúsinu í upp-
færslum á *Mary Poppins* og *Spamalot* auk þess að hafa komið fram með símfóníuhljómsveitum landsins. Hann hefur víða komið við undanfarna mánuði, til dæmis leitt horndeild Orkester Norden og Ungsveitar Símfóníuhljómsveitar Íslands og í nóvember síðastliðnum tók hann þátt í flutningi *Ein Heldenleben* eftir Richard Strauss með Símfóníuhljómsveit Íslands.



ÁSTA KRISTÍN PJETURSDÓTTIR

VÍÓLULEIKARI

Ásta Kristín Pjetursdóttir er fædd í Reykjavík árið 1996. Þriggja ára gömul hóf hún víólunám við Suzuki-tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Sarah Buckley var kennari hennar. Árið 2015 lauk hún framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Þórunnar Óskar Marinósdóttur og hélt síðan til Kaupmannahafnar þar sem hún stundar nú BA-nám við Konunglega danska konservatoríið þar sem kennari hennar er Tim Frederiksen.

Ásta Kristín hefur sótt meistaranámskeið hjá hljóðfæraleikurum á borð við Nobuko Imai, Lars Anders Tomter og Danska strengjakvartettinum. Árið 2015 sigraði hún einleikarakeppni Tónlistarskólans í Reykjavík og lék í kjölfarið einleik með hljómsveit skólans. Hún er handhafi fjölmargra styrkja og hlaut hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar aðeins ellefu ára gömul. Ásta hefur gegnt stöðu leiðara Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og uppfærslumanns í Orkester Norden. Einnig hefur hún spilað með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar, ásamt því að vera meðlimur Hindsgavl Nordic Chamber Ensemble. Ásta Kristín spilar á Guldbrand Enger víólu, sem smíðuð var í Kaupmannahöfn árið 1866.



ROMAIN ÞÓR DENUIT

PIÁNÓLEIKARI

Romain Þór fæddist árið 1992 í París inn í fjölskyldu tónlistarfólks. Fyrstu tónlistarskrefin voru á víólu í nokkur ár frá 8 ára aldri en hann heillaðist af píánóinu 17 ára gamall. Hann gekk í tónlistarskólann í Charenton-Le-Pont þar sem hann lærði á píánó undir leiðsögn Isabelle Lafitte. Eftir stúdentspróf gekk hann í Tónlistarskólann í Versöllum þar sem hann nam hjá Eddu Erlendsdóttur og lauk einleikaraprófi árið 2014 með hæstu einkunn. Hann hélt náminu áfram við sama skóla og lauk *Diplome de Perfectionnement*. Romain er hálf-íslenskur og ákvað því að flytja til Íslands árið 2016 og sækja um í Listaháskóla Íslands þar sem hann stundar nú nám á BA-stigi undir leiðsögn Peters Máté. Romain hefur mikla ástríðu fyrir tónlist 20. aldar og þá sérstaklega tónlist Prokofievs, Ravels, Scriabins og Rakhmanínovs ásamt mörgum fleirum.



GEORG FRIEDRICH HÄNDEL

TORNAMI A VAGHEGGIAR

Georg Friedrich Händel (1685–1759) er eitt af veigamestu tónskáldum barokkskeiðsins. Auk hljóðfæratónlistar naut Händel aðdáunar fyrir óperur í svokölluðum *opera seria*-stíl, sem fjölluðu að mestu um alvarlegt efni sem endaði þó alltaf vel. Í óperunni *Alcinu* (1735) verður Bradamante, í dulargervi sem bróðir sinn Ricciardo, strandaglópur á eyju galdrakonunnar Alcinu í leit sinni að unnusta sínum Ruggiero. Hún hittir Morgönu, systur Alcinu sem verður samstundis ástfangin af Ricciardo í dulargervi Bradamante. Í ariunni syngur Morgana til Ricciardos um að hún gefi honum hjarta sitt og verði honum ávallt trú.

WOLFGANG AMADEUS MOZART

DER HÖLLE RACHE, ARIÁ NÆTURDROTTNINGARINNAR

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) er eitt áhrifamesta tónskáld tónlistarsögunnar. Hann var uppi á klassíska tímabilinu og var sannkallað undrabarn og uppgötvuðust tónlistarhæfileikar hans snemma. Hann er eitt mesta óperutónskáld sögunnar og var *Töfraflautan* (1791) síðasta óperan sem Mozart samdi á sinni stuttu ævi. Óperan var samin almenningi til skemmtunar og átti að höfða til allra, óháð stöðu þeirra í samfélaginu. Í aríu Næturdrottningarinnar réttir hún Páminu dóttur sinni rýting og skipar henni að drepa Sarastro. Hún syngur um hefndarbál sem brennur í hjarta hennar og hótar að hlýði Páminu henni ekki muni hún afneita henni að eilífu.

VINCENZO BELLINI

AH! NON CREDEA ... AH! NON GIUNGE

Vincenzo Bellini (1801–1835) er eitt af helstu tónskáldum svokallaða *bel canto*-tímabilsins á 19. öld, en það þýðir „fagur söngur“. Óperan *La sonnambula* (1831) eða *Svefngengillinn* er ein af vinsælustu óperum Bellinis. Elvino, unnusti Aminu, telur að hún sé sér ótrú og aflýsir því brúðkaupi þeirra. Amina gengur í svefni um bæinn og syngur í fyrri hluta ariunnar um að ást þeirra sé fölnuð. Er Elvino áttar sig á því að Amina hafi ekki svikið hann setur hann trúlofunarhringinn aftur á hönd hennar. Við það vaknar Amina og tekur gleði sína á ný og syngur í seinni hluta ariunnar um þá stórkostlegu hamingju sem bíður þeirra.

Bryndís Guðjónsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Töfraflauta Mozarts var fyrst sett á svið hér á landi í Þjóðleikhúsinu árið 1956, þegar 200 ár voru liðin frá fæðingu tónskáldsins. Íslenska óperan hefur sýnt verkið fjórum sinnum (1982, 1991, 2001 og 2011). Ariá næturdrottningarinnar hljómaði þó nokkru fyrr hér á landi, til dæmis á tónleikum Þuríðar Pálsdóttur voríð 1952, við píanoméðleik Fritz Weisshappel.



RICHARD STRAUSS

HORNKONSERT NR. 2 Í ES-DÚR

Richard Strauss var fæddur í München árið 1864 og eru verk hans sem samin voru um aldamótin 1900 enn ómissandi liður í dagsskrá helstu tónlistarhúsa heims en þar má helst nefna *Ævintýri Ugluspegils* (Till Eulenspiegels lustige Streiche) og *Svo mælti Zarafústra* (Also Sprach Zarathustra). Faðir hans, Franz, var almennt talinn fremsti hornleikari Þýskalands og fékk Richard snemma áhuga á hljóðfærinu en hann skrifaði hornkonsert árið 1883, þá einungis 19 ára gamall. Strauss öðlaðist einnig frægð sem hljómsveitarstjóri og stýrði hann meðal annars konunglegu óperunni í Berlín í rúmlega 20 ár.

Hornkonsertinn síðari samdi Strauss í Vínarborg árið 1942, 60 árum eftir að hann samdi þann fyrri. Þetta var í miðri síðari heimsstyrjöld og nýja verkið var tilbúið á um fjórum vikum; þetta er vísbending um það að Strauss hafi lengi ætlað sér að skrifa annan hornkonsert. Eftir að hann fullgerði óperuna *Capriccio* sem var frumflutt sama ár sagði Strauss að æviverki hans væri lokið og hann virtist ekki gera sér grein fyrir því að þessi hornkonsert ætti eftir að verða mest leikni hornkonsert 20. aldar.

Í upphafi verksins hljómar hetjulegt stef og stór dramatísk stökk yfir vítt tónsvið sem einkennir fyrri verk Strauss. Annar kaflinn tekur beint við af þeim fyrsta og er hann eins konar afslöppun fyrir einleikarann áður en þriðji kafli tekur við en í honum heyrast afmörkuð mótíf sem leikin eru til skiptis af einleikara og hljómsveit. Strauss tileinkaði konsertinn minningu föður síns en gegnum verkið allt má heyra þrá til þess tíma þar sem lífið var einfaldara. Ótrúlegt þykir að honum hafi tekist að skrifa svo gleðiríkt verk meðan heimsstyrjöld geisaði.

Guðmundur Andri Ólafsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hornkonsert Strauss hefur fjórum sinnum hljómað á Íslandi í flutningi Sinfóníu-hljómsveit Íslands. Einleikarar voru Hermann Baumann (1981), Joseph Ognibene (1997), Radovan Vlatkovic (2008) og Stefán Jón Bernharðsson (2009).



GEORG PHILIPP TELEMANN

VÍÓLUKONSERT Í G-DÚR, TWV 51:G9

Georg Philipp Telemann (1681–1767) fæddist í Magdeburg í Þýskalandi. Fjölskylda hans samanstóð af miklu menntafólki, en faðir hans dó þegar Georg var aðeins fjögurra ára. Hæfileikar Telemanns á tónlistarsviðinu, og þá sérstaklega sem tónskáld, voru einstaklega miklir. Tónsmíðar hans vöktu hrifningu og aðdáun, og sú staðreynd að Telemann hafi verið langtum vinsælli en samtímamenn hans J.S. Bach og G.F. Händel kann að hljóma skringilega í eyrum nútímafólks. Reyndar ríkti svo mikil vinátta á milli Bachs og Telemanns að sá fyrrnefndi treysti þeim síðarnefnda til þess að vera guðfaðir sonar síns, Carls Philipps Emanuels.

Konsertinn í G-dúr er sá fyrsti sem skrifaður var fyrir víóluna sem einleikshljóðfæri og er eitt af farsælustu verkum Telemanns. Verkið samdi hann á hinum svokölluðu „Frankfurtarárur“ sínum (1712–1721) þar sem hann starfaði sem tónlistarstjóri í Barfüßers-kirkjunni þar í borg. Með því að skrifa konsertinn í fjórum köflum (hægur-hraður-hægur-hraður) tók Telemann upp gamalt ítalskt form sem á þessum tíma var á undanhaldi.

Fyrsti kaflinn, Largo, einkennist af þriggja nótna frasa sem myndar og mótar fagrar stígandi og fallandi línur út í gegn og tilfinningin fyrir hljóðfalli saraböndunnar er ekki langt undan. Annar kaflinn, Allegro, einkennist af líflegum sextándupörtum og synkópum sem gefa kaflanum sveiflukennndan blæ. Hinn undurfallegi þriðji kafli í e-moll, Andante, gefur nýjan tón. Tregafullar laglínur víólunnar svífa yfir gangandi áttundapörtum hljómsveitarinnar og spanna litróf tilfinninga. Í hinum orkumikla fjórða kafla, Presto, tekur gleðin aftur öll völd. Kaflinn skiptist í tvo hluta sem báðir eru endurteknir, og sekvensur mynda spennandi framvindu.

Ásta Kristín Pjetursdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Víólukonsert Telemanns hefur áður hljómað á Íslandi m.a. í flutningi Guðmundar Kristmundssonar og Kammer-sveitar Reykjavíkur (í Áskirkju 1990), Söruh Buckley og Bachsveitarinnar í Skálholti (í Háteigskirkju 1995), og Helgu Þórarinsdóttur ásamt Sinfóníuhljómsveit áhugamanna (í Neskirkju 1998). Auk þess lék Brynhildur Sigurðardóttir konsertinn ásamt strengjasveit Tónlistarskólans á Akureyri árið 1987.



SERGEI PROKOFÍEV

PIÁNÓKONSERT NR. 3 Í C-DÚR, OP. 26

Sergei Prokofiev (1891–1953) var sovéskt tónskáld, hljóm-
sveitarstjóri og píanóleikari. Hann samdi verk af ýmsum
toga, þar á meðal sínfóníur, einleiksverk fyrir píanó, kammer-
verk, kvikmyndatónlist, ballett og prógrammtónlist. Hann
var fæddur inn í bændafjölskyldu og hafði sveitalífið og
þjóðlöggin mikil og varanleg áhrif á tónlist hans. Móðir hans,
sem var mjög hæfur píanisti, kynnti hann upphaflega fyrir
tónlistinni. Hún skipulagði ferðir í óperuna í Moskvu þar sem
hann hitti kennara sem hjálpaði honum að undirbúa sig fyrir
inntökuprófið í tónlistarskólann í Sankti Pétursborg. Árin
sem Prokofiev varði í þeim skóla (1904–1914) einkenndust af
miklum framförum og þroska á sviði tónlistar. Hann vann
Anton Rubinstein-verðlaunin í píanóleik fyrir magnaðan flutning
á sínu fyrsta „stóra“ verki, píanókonserti nr. 1 í Des-dúr.

Prokofiev byrjaði á að semja tilbrigðin í öðrum kafla árið 1913 en
lagði verkið svo til hliðar. Þrátt fyrir að hafa haldið áfram með
hugmyndavinnuna á árunum 1916–1917 fór hann ekki að semja
verkið af alvöru fyrr en 1921. Prokofiev lék sjálfur á píanóið við
frumflutning verksins þann 16. desember 1921 í Chicago.

Af öllum píanókonsertum hans er sá þriðji sá þekktasti og
mest leikinn. Í verkinu má finna mörg af megin-einkennum
tónskáldsins: Ballett, ævintýri, töfra, kaldhæðni og miklar
tækniröfufur. Konsertinn inniheldur sama líflega samhljóminn
og sínfóníurnar sem hann samdi á miðjum ferli sínum, með
snörpum tóntegundaskiptum og krómatík. Konsertinn er í hinu
hefðbundna þriggja þátta formi; hann byrjar og endar á hröðum
köflum og hefur rólegri millikafla.

Romain Dör Denuit

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þriðji píanókonsert Prokofíevs
hljómaði fyrst í meðförum Sí
og bandaríska píanóleikar-
ans Agustins Anievas árið
1967 undir stjórn Bohdans
Wodiczko í Háskólabíói.

Meðal annarra sem flutt hafa
konsertinn með hljóm-sveitinni
eru Leif Ove Andsnæs (1988),
Roger Woodward (2000) og
síðast Behzod Abduraimov
(2015) þar sem Osmo Vänskä
hélt um tónsprotann. Vänskä
hefur þrisvar sinnum stjórnað
konsertinum með Sí, áður 1992
með Dmitri Alexeév og 1995
með Henri Sigfríðsson.

Á DÖFINNI

FIM 18 JAN 19:30



SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA

Upphafstónarnir í *Svo mælti Zarapústra* eru með því kunnasta sem nokkurt tónskáld hefur fest á blað. Þetta meistaraverk Richards Strauss er stórbrotin og hrífandi hugleiðing um tilveruna í hinum ýmsu myndum. Þýski sellistinn Alban Gerhardt, einn virtasti sellóleikari samtímans, leikur sellókonsert sem Shostakovitsj samdi fyrir Mstislav Rostropovitsj árið 1959. Á tónleikunum hljómar einnig forleikur eftir hina pólsku Grażyna Bacewicz, sem var afkastamikil tónskáld um miðja 20. öld og hlaut verðskuldaða viðurkenningu fyrir verk sín. Hljómsveitarstjóri er David Danzmayr.

FIM 25 JAN 17:30/19:30



SÆUNN OG VÍKINGUR

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tekið þátt í Myrkum músíkdögum allt frá því að hátíðin var haldin í fyrsta sinn árið 1980. Ungsveitin í samvinnu við Listaháskólann flytur *Síla: The Breath of the World* í forsölum Hörpu fimmtudaginn 25. janúar. Það sama kvöld verður íslensk samtímatónlist í brennidepli þar sem Sæunn Þorsteinsdóttir leikur sellókonsert Páls Ragnars Pálssonar og Víkingur Heiðar Ólafsson leikur Píanókonsert nr. 2 eftir Hauk Tómasson. Stjórnandi tónleikanna er Daníel Bjarnason.

FOS 26 JAN 12:00



YRKJA

Yrkja er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa. Verkefnið miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tvö undanfarin starfsár tekið þátt í Yrkju og þannig gefið ungum tónskáldum tækifæri til að kynnast hljómsveitinni í návígi. Á uppskerutónleikum Yrkju, næstkomandi föstudag, verða frumflutt tvö ný verk eftir Gísli Magnússon og Veronique Vöku Jacques. Stjórnandi tónleikanna og umsjónarmaður Yrkju er Daníel Bjarnason.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

11. JANÚAR 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pascal La Rosa
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir

ÓBÓ

Martin Danek
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Einar Jónsson
David Bobroff, bassabásúna

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SKÓLAKORTIÐ SNILLD Í HVERRI VIKU



Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.700 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar. Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS